



Skóla þjónusta

Rangárvalla og
Vestur Skaftafellssýslu

Rekstrarárið 2020
Starfsárið 2020-2021

Júlí 2021

Efnisyfirlit

Rekstrarárið 2020.....	3
Starfsárið 2020-2021.....	3
Verkefni skólaþjónustunnar	4
Kennsluráðgjöf	5
Greining á þörf fyrir þjónustu.....	5
Sérfræðiráðgjöf	7
Af innri starfsemi	8
Samstarf kennsluráðgjafa á Suðurlandi.....	9
Samstarf stjórnenda á landsbyggðunum	9
Málþroski og lestur – þróunarverkefni leikskóla.....	10
Landshlutateymi um samþættingu þjónustu.....	10
Iðjuþjálfun	13
Skipulögð fræðsla til starfsfólks leikskóla og grunnskóla	13
Lesferill	16
Stóra upplestrarkeppnin	16
Ytri starfsemi	16
Sveitarfélagið Suðurland	17
Starfsáætlun 2021-2022	17

Rekstrarárið 2020

Í greinargerð forstöðumanns með fjárhagsáætlun skólaþjónustunnar fyrir rekstrarárið 2020 kemur fram að frá 1. janúar 2020 muni skólaþjónusta og félagsþjónusta starfa hvor á sinni kennitölu. Frá sama tíma færast launa- og rekstrarbókhald frá KPMG á skrifstofu Rangárþings eystra og að sveitarfélagið muni annast yfirfærsluna. Fyrirvarinn á verkefninu var skammur og ýmsar hindranir í veginum.

Uppgjör sýndi að rekstrarniðurstaða ársins 2020 var jákvæð um tæpar 9,5 m.kr. Sértekjur vegna starfsþróunar kennara og starfsfólks í skólum voru ½ m.kr. hærri en áætlað var. Önnur frávík voru á gjaldahlið; laun og launatengd gjöld voru u.þ.b. 2 m.kr. lægri og annar rekstrarkostnaður sömuleiðis lægri um 7 m.kr. Skýringar á þessum frávikum er einkum að finna í kórónuveirufaraldrinum sem hamlaði störfum starfsfólks skólaþjónustunnar á vettvangi og fræðslu-, ráðstefnu- og námskeiðahald ýmiss konar, sem skólaþjónustan sækir, féll niður. Afgangur af rekstri er endurgreiddur sveitarfélögunum.

Starfsárið 2020-2021

Starfsár skólaþjónustunnar er 1. ágúst til 31. júlí. Starfsfólk og aðrir sem unnu fyrir skólaþjónustuna veturinn 2020-2021 voru Þórunn Jóna Hauksdóttir forstöðumaður/kennsluráðgjafi, Hrafnhildur Björnsdóttir fulltrúi/ritari, Halldóra Guðlaug Helgadóttir og Laufey Ósk Christensen kennsluráðgjafar, Kristín Björk Jóhannsdóttir faglegur ráðgjafi, Yngvi Karl Jónsson náms- og starfsráðgjafi, Sigríður Arndís Þórðardóttir talmeinafræðingur, Hrunn Þrándardóttir, Anna María Valdimarsdóttir og Linda Björk Oddsdóttir sálfræðingar.


Um starfsemi Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu gildir *reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019*. Reglugerðin á stoð í 21. og 22. gr. *laga um leikskóla nr. 90/2008* og 40. gr. *laga um grunnskóla nr. 91/2008*. Starfsemin nær einnig yfir þjónustu ráðgjafa og sérfræðinga sem starfa eftir lögum um störf þeirra. Ýmis önnur lög, reglugerðir og stjórnvaldsákvæðanir stýra starfseminni.

Stjórn félags- og skólaþjónustu fer með rekstrarmálefni byggðasamlagsins. Fulltrúar í henni voru Lilja Einarsdóttir formaður (Rangárþingi eystra), Brynja Jóna Jónasdóttir (Ásahreppi), Haraldur Eiríksson (Rangárþingi ytra), Þorbjörg Gísladóttir (Mýrdalshreppi) og Þorsteinn Kristinsson (Skaftárhreppi). Í hverju þessara sveitarfélaga eru 10 skólar; fimm grunnskólar og fimm leikskólar.


Hér eftir verður tæpt á ýmsum þáttum í starfsemi skólaþjónustunnar starfsárið 2020-2021 þótt umfjöllun sé ekki tæmandi. Framsetning á umfjöllun í skýrslunni er hlutfallsleg en ekki töluleg, ber því að setja fyrirvara um fjölda mála. Er þetta gert vegna krafna um persónuvernd í einstökum málum – jafnt nemenda sem annarra einstaklinga, stofnana og stjórnvalda – sem skólaþjónustan kom að á síðasta starfsári.

Verkefni skólaþjónustunnar

Hlutverk skólaþjónustu skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á. Tilgangurinn er að auka gæði skólastarfs og treysta í sessi lærdómssamfélag í stöðugri þróun. Skólaþjónustan veitir einnig stuðning við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra. Markmið með skólaþjónustu er að kennslu-, sál-, þroska- og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.



Mynd 1: Hlutverk skólaþjónustu




Mynd tvö sýnir hlutfallsskiptingu á þeirri starfsemi skólaþjónustunnar sem ratar í málaskrá, sbr. lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Athuga ber að skiptingin er ekki verkbókhald sem greindi tímann sem tók að sinna hverjum þætti starfseminnar.

Ótalin eru verkefni náms- og starfsráðgjafa og dagleg, viðvarandi verk.

Af skóla- og nemendamálum voru:
46% í leikskólum og 54% í grunnskólum.
25% fagmál og 75% einstaklingsmál.

Af einstaklingsmálum voru
42% í leikskólum og 58% í grunnskólum.
65% um drengi og 34% um stúlkur.



Mynd 3: Skipting einstaklingsmála 2020-2021

Kennsluráðgjöf

Kennsluráðgjafi bættist í starfsmannahóp skólaþjónustunnar í upphafi skólaárs 2020-2021. Ráðgjafar eru sýnilegir og alltaf til taks til skrafs og ráðagerða, stuðnings og leiðsagnar fyrir kennara og starfsfólk með reglulegri viðveru á vettvangi, bæði í leikskólum og grunnskólum. Með ráðningunni næst því betur að sinna meginhlutverki skólaþjónustu; að gera skóla sjálfbæra um lausnir á vanda sem upp kemur í daglegu skólastarfi og styðja samvinnu þeirra við foreldra vegna einstakra nemenda og nemendahópa.



Mynd 4: Stigskipting ráðgjafar og athugana

Markmið með kennsluráðgjöf er að:

- Gera skóla sjálfbæra um lausnir á viðfangsefnum daglegs skólastarfs.
- Efla fagvitund starfsfólks svo hæfni þeirra nýtist sem best í starfi.
- Styrkja framþróun í starfsháttum og starfs- og námsumhverfi.
- Stuðla að faglegu samráði skóla í milli.

Gagnvart skólum eru verkefni kennsluráðgjafa einkum að:

- Veita starfstengda leiðsögn um kennslu og umönnun nemenda.
- Fræða um og styðja við nýbreytni og þróun í kennslu og námi.
- Aðstoða við athugun og veita skólum og foreldrum ráðgjöf um stöðugar framfarir einstakra nemenda í námi, þroska og félagshæfni.
- Fylgja eftir ráðgjöf starfsfólks Skþ. um úrbætur og úrræði með mælanlegum árangri.


Ennfremur að:

- Styðja virkt samstarf skóla og foreldra.
- Stuðla að þverfaglegu samstarfi við önnur stöðkerfi.

Þeir sinna auk þessa fleiri verkefnum.


Greining á þörf fyrir þjónustu

Áður en skólaárið hófst var óskað eftir því að skólarnir greindu þarfir sínar fyrir skólaveturinn 2020-2021, eins og hægt væri. Hver væri 1)þörf fyrir stuðning/ráðgjöf við starfsfólk og vegna skólastarfs, 2)mat skólans á þörf fyrir stuðning/ráðgjöf við nemendur, 3)þörf á fræðslu/sí- og endurmenntun vegna starfsþróunar og 4)mat skólans á þörf fyrir ráðgjöf og fræðslu til foreldra.



Á mynd fimm sést að 61% ráðgjafar á leikskólastigi var vegna einstakra nemenda. Algengustu ástæður einstaklingsmála voru grunur um frávík í málþroska, hegðun, líðan og félagshæfni. Aðrar ástæður eru t.d. einbeiting, hreyfiþroski og leikþroski. Mikilvægt er að taka fram að nánast undantekningalaust voru úrlausnarefni margþætt hjá hverju barni. Úrræði vegna nemendanna skiptast nánast til helminga. Annars vegar sat ráðgjafi í teyrum um eftirfylgd hjá skólunum, ásamt foreldrum og öðrum stoðþjónustum eftir atvikum. Hins vegar veitti hann skólunum ráðgjöf vegna einstakra barna.

Leiðsögn, stuðningur og fræðsla til einstakra skóla var 39% ráðgjafar á leikskólastigi. Sneru málín að starfsháttum, starfsumhverfi og nýbreytni og þróun. Má nefna skipulag náms og námsumhverfis vegna barnahópa og inn á deildir, útfærslu á kennsluháttum, innleiðingu tákns með tali, foreldrasamstarf, aðstoð við sérkennslustjóra, nýtingu húsnæðis, umbótaáætlun í kjölfar ytri úttektar, eflingu starfsfólks í starfi og gerð handbóka vegna þróunarverkefnis.



Á mynd fjögur sést að 71% ráðgjafar á grunnskólastigi var vegna einstakra nemenda. Algengustu ástæður einstaklingsmála voru grunur um frávík í málþroska, líðan, skilgreindar sérþarfir og einbeiting. Aðrar ástæður voru t.d. hegðun og námsstaða. Mikilvægt er að taka fram að nánast undantekningalaust voru úrlausnarefni margþætt hjá hverju barni. Úrræði vegna nemendanna var langmest seta ráðgjafa í teymi um eftirfylgd hjá skólunum, ásamt foreldrum og öðrum stoðþjónustum eftir atvikum. Í 14% nemendamála var ráðgjöf til skóla.

Leiðsögn, stuðningur og fræðsla til einstakra skóla var 29% ráðgjafar á grunnskólastigi. Sneru málin langoftast að starfsháttum en í fimmtungi mála að nýbreytni og þróun. Má nefna bekkjarbrag, skipulag náms og námsumhverfis vegna einstakra barna og bekkja, stuðning við kennara, notkun á kennsluefni, kennsluhætti, kennsluáætlanir og kynningu og kennslu á talgervil.

Sérfræðiráðgjöf

Um áramótin 2020-2021 bættist talmeinafræðingur í starfsmannahóp skólaþjónustunnar. Nú sinna sérfræðingar, talmeinafræðingur og sálfræðingar, sömu verkefnum: Athugunum á einstaka nemendum, ráðgjöf til skóla og foreldra og fræðslu til skóla. Hluti af starfi sérfræðinganna var ráðgjöf á ráðgjafadögum, annaðhvort vegna einstakra nemenda eða almenn ráðgjöf. Er þessi þjónusta til skóla og foreldra ný af nálinni.

**RÁÐGJAFAR-
DAGAR**

Sem dæmi um ráðgjöf og fræðslu inn í skóla var fjallað um framburðarvanda, kennsluhætti vegna skilgreindrar málþroskaröskunar, málþroska og orðaforða tvítyngdra nemenda, geðrænan vanda ýmiss konar og tilgreind voru tæki og töl til að meta þörf fyrir athugun á málþroska og tilteknum geðrænum vanda.

Af heildarfjölda nemenda sem vísað var til sálfræðinga 2020-2021 naut 21% nemenda þá þegar úrræðis innan heilbrigðiskerfisins. Af athugunum á einstaka nemendum sem sálfræðingar luku, var 39% vísað í áframhaldandi vinnslu innan heilbrigðiskerfis, 36% enduðu með ráðgjöf og í 25% tilvika gildi annað. Þau sem enduðu með ráðgjöf að þá tók hún m.a. til þátta eins og sjónræns skipulags, lotuvinnu, aðlögunar náms og námsumhverfis, námstækni, lestrarþjálfunar, umbunarkerfis og tillögu um aðkomu talmeinafræðings og/eða kennsluráðgjafa.

Af innri starfsemi

Menntun, reynsla og þekking starfsfólks og þeirra sem starfa fyrir skólaþjónustuna var kortlögð og er bersýnilegt að mannauðurinn er styrkleiki stofnunarinnar. Allir ráðgjafar voru í starfstengdu einingabæru framhaldsnámi í háskóla. Starfslýsingar voru gerðar en áður var unnið eftir verkefnalistum. Ráðningarsamningar nokkurra starfsmanna voru endurnýjaðir og uppfærðir þar sem skólaþjónustan starfar á nýrri kennitölu. Tveir starfsmenn fengu kjarasamningsbundinn rétt til styttingar vinnuviku 1. janúar 2020. Starfsmannahandbók var uppfærð við árlega endurskoðun. Samhliða markvissari og agaðri notkun á málaskrá og uppfærslu á fartölvum var allri vinnu með pappír hætt, eins og hægt er. Sameiginlegur tími í hverri viku var vel nýttur til faglegrar ígrundunar og samráðs. Leiðarljósið er að stofnanafesta samanlagða menntun, reynslu og þekkingu svo ráðgjöf og stuðningur á vettvangi nýtist skólum og foreldrum sem allra best.

**MENNTUN
REYNSLA
ÞEKKING**

Merki fyrir skólaþjónustuna og félagsþjónustuna var hannað og útfært. Hugmyndin sem varð fyrir valinu tengist umhyggju, uppbyggingu og öryggi. Tvær hendur sem halda um mannveru vísa til stuðningsins sem stoðþjónusturnar veita. Litirnir vísa til náttúru svæðisins og eru tilbrigði notuð til að skilja á milli deildanna. Ný heimasíða fyrir skólaþjónustuna var hönnuð og gerð. Markmiðið var ekki síst að auka sýnileika, draga fram áherslur og benda á úrræði og bjargar. Samningur um allar tryggingar var endurnýjaður.



Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 gilda um starfsemi skólaþjónustu. Persónuverndarstefna Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu var birt á heimasíðu skólaþjónustunnar sl. skólavetur. Ferlar mála voru einnig birtir þar, sbr. ákvæði *reglugerðar um skólaþjónustu og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019* um að verkferlar skóla og skólaþjónustu sveitarfélaga vegna sérfræðiaðstoðar við nemendur skuli vera aðgengilegir. Lögin og stefnan kalla á breytingar í starfsemi til þess að tryggja réttindi nemenda, foreldra og starfsfólks skóla. Mikilvægt er að aðlaga starfsemina hratt að þessum skyldum.

PERSÓNUVERND

Sl. skólavetur voru sniðmát og eyðublöð endurskoðuð til samræmis við kvaðir um persónuvernd, s.s. tilvísanir um einstaka nemendur. Þar má nefna upplýst samþykki foreldra til að ræða málefni barnsins og fjölskyldu þess í þverfaglegu samstarfi stoðþjónusta, að því marki sem nauðsynlegt er fyrir vinnslu máls. Í öðru lagi að séu fyrirliggjandi upplýsingar frá öðrum stoðþjónustum eða þriðja aðila, þá fylgi þær með.

Kórónuveirufaraldrinum með COVID-19 fylgdu áskoranir í starfsemi síðastliðinn vetur og áhrifa hans gætti með skýrum hætti. Hann hamlaði störfum og viðveru í skólunum um lengri eða skemmri tíma vegna varúðarráðstafana. Rafrænar lausnir nýttust ágætlega í þessu ástandi til fundahalds og ráðgjafar. Áfram var unnið í gegnum Teams og við bættist svæði fyrir **TEAMS** umsjónarmenn sérkennslu í grunnskólunum. Það er hugsað sem öruggur vettvangur til að byggja upp traust þessara starfskrafta þvert á grunnskóla og efla með því samvinnu um sambærileg viðfangsefni í umdæmi skólaþjónustunnar.

Samstarf kennsluráðgjafa á Suðurlandi

Kennsluráðgjafar styrktu samvinnu sína við kollega í Árborg og Árnesþingi. Þeir hittust skipulega yfir veturinn til að spegla sig og deila faglegum ráðum. Skólaþjónustan og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings buðu einnig starfsfólki hvors annars að sitja fræðsluerindi hvorrar stofnunar um sig sem og kennurum og starfsfólki skóla í umdæmi viðkomandi aðila. Ávinningur af reglulegri ígrundun kollega sýnir sig.

Samstarf stjórnenda á landsbyggðunum

Kórónuveirufaraldurinn hafði sín áhrif á samstarf fræðslustjóra og forstöðumanna skólaskrifstofa. Í lok skólaárs 2019-2020 báru félagsmenn Grunns saman áskoranir sveitarfélaga vítt og breitt um landið við skipulag skólastarfs í faraldrinum, ræddu mikilvægi samstarfs við velferðarþjónustu í þannig ástandi og fengu kynningu á rafrænu skólastarfi. Samtalið hélt áfram inn í sumarið og haustið 2020 undirrituðu mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Grunnur; félag fræðslustjóra og forstöðumanna skólaskrifstofa viljayfirlýsinguna *Stöndum vörð um skólastarf*. Þar undirstrikaði ráðherra að sveitarfélögin samhæfðu áherslur eins og unnt væri þegar kæmi að framkvæmd skólastarfs með jafnræði nemenda að leiðarljósi.

Í framhaldi af yfirlýsingunni var formuð samvinna skipulagðara og einfaldara upplýsingaflæðis til skólasamfélagsins og virkt samtal Grunns, Sambandsins, MRN og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur tryggt. Rædd hafa verið styrking leikskólastigsins, stytting vinnuviku, hlutverk skólaþjónusta sveitarfélaga, kjaramál, efling svæðisbundinna lærdómssamfélaga, samstarf skóla um styrki til starfsþróunar, Menntafléttan, Menntastefna 2030, farsældarlögin og áhrif þeirra á starfsemi leik- og grunnskóla, landshlutateymi og innleiðing á samþættri þjónustu, breyting á ytra mat, stafræn

Þróun í skólum og áhættumat, læsisfræði, svo eitthvað sé nefnt. Nú sitja fulltrúar Grunns í nokkrum starfshópum að ósk þessara samstarfsaðila.

Málþroski og lestur – þróunarverkefni leikskóla

Áfram var unnið í þróunarverkefni leikskóla um *snemmtæka íhlutun í leikskólum með sérstakri áherslu á málþroska og undirbúning undir lestur*. Yfirumsjón með verkefninu var í höndum Ásthildar Bj. Snottadóttur talmeinafræðings. Leikskólunum tókst ágætlega að halda verk- og tímaáætlun, þrátt fyrir kórónuveirufaraldur, en afurð verkefnisins leit ljós síðar en ráðgert var: Handbók hvers leikskóla, byggð á sameiginlegum grunni.


Verkefnið varð ekki síður starfendarannsókn þar sem starfsfólk leikskólanna rýndi eigin starfsaðferðir, ferli, skipulag og bjargir. Kennsla var endurhugsuð, námsefni og bókasafn skipulagt sem og vinnulag við skimanir og íhlutun. Samstarfið jók trúnað milli þátttakenda og faglegar umræður urðu meiri sem gerði starfsfólk öruggara í sinni vinnu. Þetta skilar sér í samhentara lærdómssamfélagi og auknum gæðum í kennslu og starfsemi leikskóla.

Skólaþjónustan kynnti þróunarverkefnið á árlegri Menntakviku Menntavísindasviðs Háskóla Íslands haustið 2020, sem að þessu sinni var rafræn. Áætlað er að kynna það á Menntadegi í haust, með fyrirvara um varúðarráðstafanir sóttvarnaryfirvalda. Þar verður tilgangurinn m.a. að skoða samfellu í læsi og lestrarnámi milli skólastiga og hvernig hún birtist í læsisstefnum sveitarfélaga. Mikilvægt þykir að rýna móttökuáætlanir sveitarfélaganna og efla íslenskukennslu og stuðning við börn og foreldra með íslensku sem annað tungumál.

**SAMFELLA
MILLI SKÓLASTIGA**

Landshlutateymi um samþættingu þjónustu

Landshlutateymi er tilraunaverkefni sem skilgreint var 2018 sem hluti af framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Landshlutateymin eru tvö, annars vegar á Suðurnesjum og hins vegar á Suðurlandi. Aðilar að teyminu á Suðurlandi eru félags- og skólaþjónustur í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu ásamt Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins sem stýrir verkefninu. Teymið tók til starfa í júní 2020 og á því ári sem liðið er hefur starf teymisins þróast í þá átt að innleiða verklag sem kveðið er á um í *lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021*.



Mynd 7: Samþætt þjónusta

Skólaþjónustan stýrði verkefninu sl. skólaár í umdæmi félags- og skólaþjónustunnar. Frá upphafi var lagt upp með samráð og upplýsingaflæði milli skólaþjónustu og félagsþjónustu, félagsmálanefndar og fræðslufirvalda sveitarfélaga og skólanna tíu.

Markmið skólaþjónustunnar:

- Veita skólum ráðgjöf sem nýtist í skóla án aðgreiningar og hefur skírskotun til ýmissa sérþarfa, almennra og sértækra. Hægt verður að veita ráðgjöf vegna einstakra nemenda út frá fyrirbyggjandi greiningum.
- Nýta markvert tækifæri til að horfa heildrænt á nemendur og skólastarf og líka samstarf skóla og foreldra. Ráðgjöf í því formi mun nýtast mörgum, hún eflir skóla sem faglegar og sjálfbærar stofnanir og eykur samheldni, fagvitund og gæði í skólastarfi.

Starfandi var fagrað félags- og skólaþjónustu í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sem var skipað forstöðumanni skólaþjónustu, aðila frá félagsþjónustu og tveimur verkefnastjórum Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins. Annar þeirra var einnig faglegur ráðgjafi skóla- og félagsþjónustu í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, staðsettur hjá skólaþjónustu. Fagraðið vann sameiginlega að útfærslu þriggja verkefna sem landshlutateymið hafði skilgreint sem lykilverkefni.

Lykilverkefni 1: Þörf fyrir samþætta þjónustu ætti að liggja fyrir við innritun barns í skóla, ef barnið er með fötlunargreiningu eða samþættan vanda. Að öðrum kosti þegar auðsýnt er, að mati skóla og skólaþjónustu, eða um leið og niðurstöður frumgreiningar gefa tilefni til. Á sama tíma ætti að afla samþykkis foreldra við að taka málið upp á þverfaglegum samráðsvettvangi. Þannig næst strax tenging milli stoðkerfa og stöðug og samfelld þjónusta tryggð frá upphafi.



Í tilfelli grunnskóla er nemendaverndarráð skilgreindur samráðsvettvangur til trúnaðarsambands milli meðlima, svo þjónusta í þágu nemenda verði sem skilvirkust. Allir leikskólar sýndu áhuga á að þróa sams konar vettvang og var lagt af stað með þróun samráðs í tveimur þeirra með virkri aðkomu félagsþjónustu og heilsugæslu. Klár ávinningur af samráði sést þegar byrðum er létt af herðum foreldra, t.d. þegar þörf er á samræmingu kerfa og þegar þjónusta er nú þegar veitt af fleiri en einni stoðþjónustu.

NEMENDA- VERNDARRRÁÐ

Þverfagleg þjónustuáætlun (lykilverkefni 2) var gerð í flestum grunnskólum og þekking á gerð og notkun áætlunarinnar þannig byggð upp í skólunum. Áætlunin er heildstæð og nær til aðlögunar og forgangsroðunar í daglegu lífi og námi barna með fötlunargreiningu eða samþættan vanda. Hlutverk aðila sem sitja í þjónustuteymi var útskýrt, sérstaklega hlutverk teymisstjóra í skólum og málstjóra hjá félagsþjónustu.



Þriðja lykilverkefnið er markviss notkun á niðurstöðum SIS-C mats sem Greiningar- og ráðgjafastöð framkvæmir. Þær lýsa stuðningsþörf fyrir einstaka fötluð börn á aldrinum 5-18 ára, óháð fötlunargreiningu, í samanburði við önnur fötluð og ófötluð börn. Markmið með notkun mælitækisins var upphaflega að nýta niðurstöður til að úthluta fjármagni frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að gera einstaklingsbundnar áætlanir um stuðning. Nú er s.s. meiningin að innleiða markvissa notkun á niðurstöðunum.



Undir lok tímabundinnar ráðningar var faglegi ráðgjafi skóla- og félagsþjónustu fenginn til að leggja mat á hvort markmiðin sem skólaþjónustan lagði upp með, náðust.

Hvernig hefur fagleg ráðgjöf um kennslufræði vegna nemenda með sérþarfir verið innleidd í starf skólaþjónustunnar?

Fagleg ráðgjöf hefur beinst að kennarateymum, skólastjórnendum og stuðningsfulltrúum auk leiðsagnar til foreldra. Ráðgjöfin hefur falið í sér að styðja við kennslufræðilega ígrundun og lausnahugsun í að mæta margbreytilegum þörfum nemenda með sérþarfir. Framkvæmd og innleiðing ráðgjafar hefur farið fram með áhorfi í kennslustundum, samtölum við kennara, eftirfylgd á vettvangi og stuðningi með gagnasafni. Áhersla hefur verið lögð á að hreyfa við fastmótuðu hugarfari skólasamfélagsins gagnvart sérþörfum nemenda og skapa nýja sýn sem einkennist af tiltrú og gróskuhugsun í að mæta margbreytilegum þörfum.

Hvernig getur skólaþjónustan eftt lærdómssamfélag í umdæminu og sjálfbærni í lausnum um algengar sérþarfir?

Fagleg leiðsögn í lærdómssamfélagi þarf að fléttast sem mest inn í skólastarfið þannig að það verði samofinn hluti af starfsháttum hvers skóla að ígrunda kennsluhætti með víðsýni að leiðarljósi. Sjálfbærni í lausnum mótast í samfélagi þar sem stutt er við áræðni og þor við að prófa sig áfram með viðeigandi faglegum stuðningi. Kennslufræðilegar lausnir sem skólasamfélagið mótast sjálft í takt við eigin skólamenningu eru mun líklegri til að festast í sessi og þróast áfram.

Þátttaka í landshlutateyminu, fagræðinu, nemendaverndarráðum og samstarf við skólastjórnendur, kennara og starfsfólk skóla var lærdómsríkt. Eftir skólaárið 2020-2021 hefur safnast í góðan gagnabanka og starfsfólk skólaþjónustunnar enn betur í stakk búið að veita ráðgjöf um námsumhverfi og -aðstæður nemenda, starfsumhverfi og starfshætti skóla.

Hlutverk landshlutateymisins var kynnt á árlegri ráðstefnu Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins sem og markmið verkefnisins og framkvæmdaáætlun. Fyrir tilstuðlan skólaþjónustunnar var það einnig kynnt á samráðsvettvangi skólaþjónusta með Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem fulltrúum Kennarasambands Íslands, Barnaverndarstofu, Menntamálastofnunar, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis var boðið að sitja kynninguna. Ráðuneytin kynntu einnig farsældarfrumvarpið svokallaða (nú lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna) og áhrif þess fyrir sömu aðilum. Skólaþjónustur fengu einnig kynningu ráðgjafarfyrirtækis á mögulegum kostnaðaráhrifum frumvarpsins á rekstur sveitarfélaga.

Iðjuþjálfun

Frá árinu 2007 hafa sveitarfélög á Suðurlandsundirlendinu verið í samningssambandi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands um starf iðjuþjálfra. Samningurinn var endurnýjaður árið 2020 og að honum standa HSu, Bergisinn og sveitarfélög á Suðurlandi, að Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði undanskildum. Sú breyting var gerð að verkbeiðendur af hálfu sveitarfélaganna eru tengiliðir í leik- og grunnskólum í Árborg, Árnesþingi og Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, í stað skólaþjónusta á þessum þremur þjónustusvæðum áður. Er það í anda hugmyndafræðinnar um samþættingu þjónustu.

Skipulögð fræðsla til starfsfólks leikskóla og grunnskóla

Í *reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019* kemur fram að í ákvæðum *laga um leikskóla og laga um grunnskóla* skuli í símenntunaráætlunum skóla „... lögð áhersla á að efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla á því að leysa viðfangsefni samkvæmt *reglugerð [um skólaþjónustu]* innan skólanna.“ Fræðsludagskrá hvers vetrar af hálfu skólaþjónustunnar hefur í gegnum árin verið samkomulagsatriði við skólastjórnendur og því óbundin símenntunaráætlunum þeirra. Fræðsludagskrá hvers vetrar hefur byrjað á námskeiðum í upphafi skólaárs.

Tímasetning	Námskeið	Markhópur
20.08.15 ½ dagur	Numicon – stærðfræði	Leik- og grunnskólar Frjáls þátttaka
15.-16.08.16	TEACCH	Leik- og grunnskólar Frjáls þátttaka
14.08.17	Leiðsagnarmat	Grunnskólar
13.08.18	Geðheilbrigði barna og ungl.	Grunnskólar
14.08.19	Móðurmál	Grunnskólar
12.08.20 Féll niður vegna kórónuveirufaraldurs	1)Lestur, málvitund, læsi, fjöltyngi. 2)Skóli fyrir alla, núvitund, framsýn menntun, þverfagleg kennsla, velferðarkennsla. 3)Kvíði, ADHD, ART, virkni og vellíðan. 4)Markþjálfun, samvinnunám, starfendarannsóknir, lærdómssamfélag.	Leik- og grunnskólar

Tafla 1: Námskeið í upphafi skólaárs í gegnum tíðina.

Menntadagur í ágúst 2020 féll niður. Hvað bjóða skyldi upp á tók mið af áherslum stjórnendanna og niðurstöðum könnunar sem send var á starfsfólk skólanna. Öðrum þræði var svo litið til starfsþróunar og stofnanafestu í skólunum.

Einkunnarorð dagsins höfðu verið ákveðin: *Tökum höndum saman – höfum gagn og gaman.* Tilgangurinn var nefnilega ekki síður að styrkja og efla mannauðinn í víðfemu umdæmi skólaþjónustunnar með því að skapa rými fyrir samræður og tengingar þvert á skólastig og sveitarfélög.

Velja átti milli 19 fyrirlestra og vinnustofa hjá fræðimönnum og frumkvöðlum, bæði úr akademíska geiranum og af vettvangi. Þemun voru í fjórum knippum: Kennsluháttum, lestri, starfsumhverfi nemenda og starfsumhverfi starfsfólks. Í bígerð var einnig að fá sérhæfða aðila til að kynna sínar áherslur og úrræði í básum og háskóla sem bjóða kennaratengt nám til að kynna námsleiðir. Skólaþjónustan ætlaði líka að kynna starfsemi sína og óska eftir tillögum að gildum stofnunarinnar.

Nám og starf í skóla fyrir alla Farið verður yfir grundvallarþætti menntastefnunnar náms án aðgreiningar og hvað það þýðir fyrir starf í skólum. Fyrst er stutt erindi og síðan er gert ráð fyrir hópavinnu með hugtök og hugmyndir tengdar stefnunni. <i>Edda Óskarsdóttir lektor og Hafdis Guðjónsdóttir prófessor, Menntavísindasviði Háskóla Íslands</i> Núvítund í skólastarfi Umfjöllun um þriggja ára þróunarverkefni í innleiðingu núvítundar í leikskóla. Farið yfir reynslu og ávinning sem núvítund hefur skilað bæði fyrir starfsfólk og nemendur. <i>Inga Fríða Tryggvadóttir lektorskólastjóri og Bryndís Hanna Hreinsdóttir verkefnastjóri, Leikskólanum Smáralundi</i> Framsýn menntun Umfjöllun um skipulag og starfsemi grunnskólans NÚ í Hafnarfirði sem tók til starfa haustið 2016. Fjallað verður m.a. um reynslu NÚ af því hvernig vinnudám og lotukerfi hefur hjálpað til við að einstaklingsmiða og efla sjálfstæði nemenda. <i>Gísli Rúnar Guðmundsson skólastjóri, grunnskólanum NÚ</i> Smíðjur og þverfaglegt samstarf á unglíngastigi Í Smíðjum eru náttúru- og samfélagsfræði, enska, danska, upplýsingatekni, lífsleikni, leiklist og sköpun. Fjallað um hvernig nemendur bera meiri ábyrgð á framvindu sinni og vinna saman að þverfaglegum verkefnum sem eru fjölþætt. Frá því að svara einstaka spurningum yfir í stórar kynningar, kvikmyndagerð og hláðörp. Einnig sagt frá hlutverki kennara í Smíðjunum. <i>Már Ingólfur Músson og Leifur Viðarsson, kennarar í Valla-skóla</i> Velferðarkennsla Menntun í velferð snýst um að þróa færmi nemandans til að auka vellið og hamingju og þekkja áhrif hugsana á tilfinningar, líðan og hegðun. Með velferðarkennslu má efla þætti á borð við hugarfar, bjartsýni, þrautseigju, félagsfærni og tilfinningahæfni. Vöxtur og velliðan nemandans eru í forgrunni. Með markvissri velferðarkennslu má efla skólastarf umtalsvert og styrkja bæði nemendur og kennara í leik og starfi. <i>Hólmfríður Samúelsdóttir, kennari með diplómagráðu í jákvæðni sálfræði</i>	Matstæki Lesferils Tilgangur og notkun matstækjanna kynnt og fjallað um þá færmi sem hvert matstæki mælir. <i>Andree A. Guðjónsdóttir og Guðbjörg R. Þórsdóttir, Menntamálastofnun</i> Ihlutunarlíkan Fjallað um ihlutunarlíkan sem hægt er að stýðjast við þegar skipulag lestrarkennslu og lestrarstuðnings fer fram í kjölfar fyriragnar á lesfærni og stuðningsþrófun. Farið er yfir ábyrgð og hlutverk starfsfólks skóla og heimila. <i>Guðbjörg R. Þórsdóttir, Menntamálastofnun</i> Hvernig sköpum við bestu möguleg þroskaskilyrði hjá öllum börnum er leggja grunn að góðri málvítund og læsi? Fjallað um undirstöðupætti fyrir læsi sem skipta mestu máli í námi og umhverfi barna gagnvart málþroska og hljóðkerfisþáttum. Þá verður fjallað um mikilvægi þess að réttar áherslur, skýr markmið og markviss vinnubrögð séu í hávegum höfð í skólastarfinu og dæmi gefin um leiðir til árangurs. <i>Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur</i> Snemmtæk ihlutun í leikskóla Snemmtæk ihlutun vegna læsis. Farið yfir skipulag snemmtækra ihlutunar til að tryggja góðar forsendur læsis hjá öllum leikskólabörnum. <i>Andree A. Guðjónsdóttir, Menntamálastofnun</i> Fjölyngi - íslenska. Áskoranir og tækifæri! Áhrif tvítyngis/fjölyngis á stöðu barna sem eru að læra íslensku. Mikilvægi þess að setja skýr markmið og vinna markvisst eftir þeim verður í brennidepli. Þá verður fjallað um mikilvægi mælinga og eftirfylgni í samstarfi við skólafólk og foreldra. Hvernig náum við betri árangri gagnvart tjáningu og dýpri skilningi í íslensku hjá fjölyngdum börnum? <i>Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur</i>	Kviði - hagnýt ráð Fjallað verður um einkenni kviða og hvaða leiðir virka best í vinnu með börnum með ADHD. Áhersla verður á hagnýt ráð fyrir starfsfólk í skóla. <i>Hrúnd Þrándardóttir sálfræðingur, Sálstofunni</i> ADHD - hagnýt ráð Fjallað verður um einkenni ADHD og hvaða leiðir virka best í vinnu með börnum með ADHD. Áhersla verður á hagnýt ráð fyrir starfsfólk í skóla. <i>Hrúnd Þrándardóttir sálfræðingur, Sálstofunni</i> Áhuginn verður neistinn sem gefur tilgang til að læra Fjallað verður um leiðir við aðlögun náms til að mæta einstaklingsmiðuðum þörfum út frá áhugasviði og skilningi á lítröfi einhverfunnar. <i>Kristín Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og ráðgjafi, Hermann Óm Kristjánsson deildarstjóri, Hulda Stefánsdóttir þroskajafni og Svantíður Halberg þroskajafni, Setinu - sérdeild Sudurlands</i> Verkfæri og verklag sem styður við velliðan og virkni í daglegu lífi Gefin verður innsýn í útfærslu á TEACCH hugmyndafræðinni í nemendamiðuðu skólastarfi með hlidsjón af ávinningi og áskorunum. <i>Kristín Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og ráðgjafi, Hermann Óm Kristjánsson deildarstjóri, Hulda Stefánsdóttir þroskajafni og Svantíður Halberg þroskajafni, Setinu - sérdeild Sudurlands</i> Mikilvægi yfirfærslunnar Hvernig sukum við líkumur á því að börn nýti sér ARTið á sínum vinnustöðum? Hvernig aðstoða börnin? <i>Gunnar Þór Gunnarsson ART þjálfari, ART teyminu á Sudurlandi</i>	Hvort viltu vera gleðigjafi eða fylupúki? Fyrirlesari leitar í verkfærakistu jákvæðrar sálfræði í viðleitni sinni til að vera frekar gleðigjafi en fylupúki. <i>Ragnhildur Vigfúsdóttir markþjálfari PCO, Zetter ehf</i> Nemendur læra hver af öðrum: Samvinnunám Fjallað um hlutverk kennara í samvinnunámi og þátttakendur reyna samvinnunám á eigin skinni. <i>Hafdis Guðjónsdóttir prófessor og Edda Óskarsdóttir lektor, Menntavísindasviði Háskóla Íslands</i> Að eflast í starfi: Starfendarannsóknir Hér verður kynnt hvernig kennarar og aðrir geta lgrundað eigið starf með það fyrir augum að þróa sjálfa sig sem fagmenn. <i>Hafdis Guðjónsdóttir prófessor og Edda Óskarsdóttir lektor, Menntavísindasviði Háskóla Íslands</i> Leið að lærdómssamfélagi Fjallað verður um hvernig þróunarverkefni leikskólanna fimm á svæðinu hefur eitt faglegt starf og samtal innan leikskólanna og milli þeirra. Einnig verður veitt upp hvernig efla megi lærdómssamfélag. <i>Halldóra Guðlaug umsjónamaður þróunarverkefnisins "Snemmtæk ihlutun - mál og læsi", Skólaþjónusta Rang og V-Skatt</i>
--	--	---	---

Mynd 8: Fyrirlestrar og vinnustofur á menntadegi 2020

Sérstaklega var þetta miður í ljósi þess að sveitarstjórnir höfðu allar góðfúslega samþykkt fulla þátttöku af hálfu leikskóla. Vilji er hjá skólaþjónustu að bjóða fræðslu og námskeið á skólastiginu en erfitt er um vik. Kjarasamningar gera lítt ráð fyrir starfsþróun, t.d. miðað við grunnskóla, ekki er hægt að ná starfsfólki saman á dagvinnutíma og ekki eru sameiginlegir starfsdagar.

Það var þó huggun harmi gegn að áherslur dagsins skiluðu sér í fræðsludagskrá vetrarins. Öll erindi á þeirri dagskrá voru gegnum Teams sem mögulega átti sinn þátt í því að þátttaka var nánast undantekningalaust góð.

Heiti	Lýsing
Stöðumat fyrir nýkomna nemendur af erlendum uppruna	Staða nemanda í lestri og talnaskilningi er metinn á þeirra sterkasta tungumáli. Hún segir til um hvaða námskröfur er hægt að gera til hans.
Leið að lærdómssamfélagi	Fjallað um hvernig þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun – mál og læsi hefur eftir faglegt starf og samtal innan leikskóla sem taka þátt í verkefninu, þ.e. leikskóla í RVS.
Lesferill: Matstækið og undirbúningur fyrir greiningu gagna (1/4)	Fjallað um samspil lesfimi- og stuðningsprófa og hvernig niðurstöður gefa vísbendingar um næstu skref í lestrarkennslu á grundvelli greiningar á niðurstöðum bekkjar. Verkefnavinna í framhaldi.
Kvíði – hagnýt ráð	Fjallað um einkenni kvíða og hvaða leiðir virka best í vinnu með börnum með kvíða. Áhersla á hagnýt ráð fyrir starfsfólk grunnskóla.
Hvort viltu vera gleðigjafi eða fylupúki?	Fyrirlesari leitar í verkfærakistu jákvæðrar sálfræði í viðleitni sinni til að vera frekar gleðigjafi en fylupúki.
Lesferill: Greining gagna, íhlutunarlíkan og lestrarkennsla (2/4)	Farið yfir framkvæmd fyriragnar og hvernig til tókst með greiningu gagna úr Lesferli. Fjallað um íhlutunarlíkan og skýrt og skipulagt verklag. Verkefnavinna í framhaldi.
ADHD – hagnýt ráð	Fjallað um einkenni ADHD og hvaða leiðir virka best í vinnu með börnum með ADHD. Áhersla á hagnýt ráð fyrir starfsfólk skóla.
Lesferill: Safnað áfram í verkfærakistuna: Læsisvefurinn (3/4)	Skólar gera stuttlega grein fyrir reynslu sinni af nýju lestraraðferðunum sem þeir prófuðu. Læsisvefurinn kynntur. Kennarar hvers stigs fara sameiginlega yfir gagnlegar aðferðir við lestrarkennslu.
Svefn leikskólabarna	Í fræðsluerindinu verður áhersla lögð á að fara yfir hvað gerist hjá börnum í aðdraganda svefns og þegar þau sofa, mikilvægi daglúrsins og hvaða þættir geta haft áhrif á magn og gæði svefns. Farið verður yfir mismunandi tegundir svefnerfiðleika og hvað foreldrar geta gert til að auka líkur á góðum og endurnærandi svefni hjá börnunum sínum, mögulega fyrirbyggt svefnerfiðleika og gripið inn í með áhrifaríkum hættir áður en vítahringur svefnerfiðleika skapast. Nefna má t.d. að svefnvandi og þreyta geta leitt til ADHD líkra einkenna eins og hreyfióróleika, einbeitingarvanda og eirðarleysis þó það sé ekki grunnvandi barnsins.
Lesferill: Samvinna um læsi: Tillaga að foreldrafræðslu um lestur og lestrarnám barna í 1. bekk (4/4)	Kynnt stuðningsefni fyrir skóla um skipulega fræðslu fyrir foreldra um lestur og lestrarnám. Lögð fram tillaga sem skólar geta stuðst við þegar þeir útbúa eigin fræðslu.
Velferðarkennsla	Menntun í velferð snýst um að þróa færni nemandans til að auka vellíðan og hamingju og þekkja áhrif hugsana á tilfinningar, líðan og hegðun. Með velferðarkennslu má efla þætti á borð við hugarfar, bjartsýni, þrautseigju, félagsfærni og tilfinningahæfni. Vöxtur og vellíðan nemandans er í forgrunni. Með markvissri velferðarkennslu má efla skólastarf umtalsvert og styrkja bæði nemendur og kennara í leik og starfi.

Tafla 2: Fræðsludagskrá 2020-2021


Óvissan sem fylgir kórónuveirufaraldrinum virðist ætla að halda áfram inn í næsta skólavetur. Fræðimenn og forkólfar gefa lítt kost á bindingu með svo löngum fyrirvara. Erfitt hefur verið um vik að skipuleggja menntadag næsta haust og allt eins líklegt að hann verði rafrænn.

Lesferill

Stóra fræðsluverkefni vetrarins var að innleiða matstæki Lesferils í grunnskólum. Uppruni verkefnisins er *þjóðaráttak um læsi* sem hrint var stokkunum 2015 með sameiginlegri yfirlýsingu allra sveitarfélaga landsins um að efla læsi grunnskólabarna. Frá þeim tíma hafa aðgerðir verið markvissar og einn liður í þeim er Lesferillinn sem er nú að fullu tilbúinn til innleiðingar. Hann er íslenskt, vísindalega þróað og heildrænt skimunartæki.

Að aðstoða skóla við að festa í sessi vinnulag/verkferla við greiningu á niðurstöðum úr matstækjum Lesferils sem leiða til árangursríkari læsiskennslu og aukinnar lestrarfærni grunnskólanema.

Mynd 9: Markmið með innleiðingu Lesferils



Mynd 10: Matshringur Lesferils

Kostur Lesferils er einkum stöðug hringrás mats yfir skólaárið, gegnum alla grunnskólagönguna; matshringurinn. Annar kostur er bein tenging við úrræði Menntamálastofnunar sem skólar og foreldrar geta nýtt til að örva börn sín í samræmi við niðurstöður. Hluti af fræðslunni var einmitt hvernig hægt er að virkja foreldra ungra barna til samstarfs um lestur barna þeirra.

Matsrammi fyrir lesfimi leit dagsins ljós í febrúar 2021 og fengu þátttakendur í námskeiðsröðinni um um Lesferil kynningu á honum fyrir almenna útgáfu hans á vef Menntamálastofnunar. Hann metur mikilvæga þætti í lesfimi svo hraði er ekki eina viðmiðið um lestrarhæfni. Honum fylgja greinargóðar leiðbeiningar til skóla um notkun og hvernig kynna skuli heildrænt mat fyrir foreldrum svo snemmtækt inngrip verði markvisst, sé þörf á því.

Stóra upplestrarkeppnin

Breytingar á Stóru upplestrarkeppninni voru kynntar sveitarfélögum snemma skólaárs. Eigandi keppninnar, Raddir, hefur ákveðið að hætta framkvæmd við verkefnið en boðið aðgang að stuðningi og ráðgjöf næsta vetur. Grunnskólar í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum lýstu allir vilja til að halda áfram keppni. Skólaþjónustur í Árborg, Árnesþingi og Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu veltu upp framtíðarsýn með Röddum og öfluðu upplýsinga um verk- og tímaáætlun og kostnað. Þrjár leiðir voru ræddar við skólana í umdæmi stofnananna og í Vestmannaeyjum. Svæðaskiptingin mun halda svo útfærsla – efni og umgjörð – er í vinnslu hjá grunnskólunum sex með skólaþjónustum Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyja.

Ytri starfsemi

Menntamálastofnun, háskólar og aðrir hagsmunaaðilar hafa nýtt skólaþjónustur sveitarfélaga sem farveg til samráðs, upplýsingagjafar og -öflunar. Áður hefur verið minnst á slíkt samtal um landshlutateymið. Hér má að auki nefna fyrirhugaðar breytingar á ytra mati leik- og grunnskóla, menntun starfsfólks í leikskólum, fagháskólanám í leikskólakennarafræðum, stuðningur við starfsfólk

leikskóla með erlendan bakgrunn, fagháskólanám fyrir erlent starfsfólk í leikskólum, stefnumótun um menntun kennara, menntafléttuna, læsisfræði, áhrif styttingar vinnutíma á leikskólastarf, kynjahlutfall og jafnréttisáætlanir skólaþjónustu, frumgreiningar skólasálfræðinga og þjónustu annarra sérfræðinga skólaþjónustu og ráðstafanir vegna kórónuveirufaraldurs.

Sveitarfélagið Suðurland

Sveitarfélögin fimm í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu eiga í samræðum um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Í tengslum við það var skólaþjónustan í starfshópi um fræðslu- og félagsþjónustu. Markmið starfshópsins var að vera verkefnishópi Sveitarfélagsins Suðurlands til ráðgjafar og veita upplýsingar fyrir mat á stöðu málaflokksins og mögulega sýn til framtíðar í sameinuðu sveitarfélagi. Kosið verður um sameininguna samhliða kosningum til Alþingis í september.

Starfsáætlun 2021-2022

Áherslum menntayfirvalda um inntak skólastarfs og hæfni kennara ásamt aukinni kröfu um samstarf stoðþjónusta í þágu barna og fjölskyldna fylgdu bæði tækifæri og áskoranir síðasta starfsvetur. Um þetta vitna t.d. skýrslurnar *Menntun til framtíðar; aðgerðir og viðbrögð í kjölfar fundaraðar um menntun fyrir alla og mótun menntastefnu til 2030, Skólaþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla; niðurstöður tilviksrannsóknna, Menntun fyrir alla; horft fram á veginn, Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla og Styrking leikskólastigsins*. Með lögfestingu og stjórnvaldsfyrirmælum ríkisins er fyrrséð meiri **MENNTASTEFNA 2030** þróun í þessa átt en nokkru sinni fyrr á næstu misserum, með tilheyrandi áhrifum á skólaþjónustu og leik- og grunnskóla sveitarfélaga. Þessu samhliða er þörf að rýna núverandi innihald og fyrirkomulag námskeiðahalds og fræðslu af hendi skólaþjónustunnar. Helst hún í hendur við aukið og aðgengilegra framboð háskóla, mannauð og endurmenntunaráætlanir hvers skóla fyrir sig og menntastefnur sveitarfélaga.

Eins og nefnt var í upphafi var, fyrir skólaárið 2020-2021, óskað eftir því að skólarnir greindu þarfir sínar, eins og hægt væri. Upplýsingaöflunin hjálpaði til við undirbúning og gerð starfsáætlunar fyrir skólaþjónustuna. Verður þetta endurtekið í upphafi skólaárs 2021-2022.

**GREINING Á ÞÖRF
FYRIR ÞJÓNUSTU**

Vonir standa til að faglegur ráðgjafi starfi áfram hjá félags- og skólaþjónustu við innleiðingu á samþættri þjónustu í þágu barna og að heilsugæsla verði virkur þátttakandi á svæðinu öllu. Fyrir skólaþjónustuna er mikill akkur í því að hlutverk og ábyrgð þessara stofnana sé skýr. Skólunum er mikilvægt að geta leitað ráðgjafar og kallað til félagsþjónustu og heilsugæslu. Foreldrum og nemendum er nauðsyn að mæta samhentum kerfi. Vegna nálægðar skólaþjónustu við skóla og foreldra eru áhyggjur af heilbrigði og aðbúnaði barna oft fyrst reifaðar við starfsfólk hennar. Samþætt þjónusta er til farsældar börnum og fjölskyldum þeirra og líka hjálpleg leik- og grunnskólum sem mikilvægum aðilum í umönnun nemenda.

**SAMSTARF SKÓLA
OG STOÐÞJÓNUSTA**